



Fréttatilkynning

Efni: Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps A-og B hluta fyrir árið 2014.

-Fyrri umræða-

Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2014 var lögð fram í sveitarstjórn Vopnafjarðar 24. okt. 2013. Síðari umræða er áætluð 8. nóv. nk.

Samkvæmt sjóðsstreymi áætlunarinnar er ráðgert að allir sjóðir í A -og B- hluta verði samtals gerðir upp með 116,7 m. kr. hagnaði á árinu 2014. Þar kemur einnig fram þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta, verðbóta, söluhagnaðar og annarra reiknaðra stærða að veltufé frá rekstri verður 178,5 m. kr. Engar breytingar eru áætlaðar á skammtímalíðum.

Í Fjárhagsáætluninni er sett inn nettófjárhæð í fjárfestingar að upphæð 86,7 m.kr., sem nánar eru sundurliðaðar í sérstöku yfirliti.

Afborganir lána árið 2014 eru áætlaðar 53,9 m.kr.

Eftir að tekið hefur verið fyrir fjárfestingum og afborgunum lána kemur í ljós að handbært fé frá rekstri hækkar um 37,8 m.kr.

Handbært fé í ársbyrjun er 85 m.kr. og verður því 123,3 m.kr. í árslok. Engin ný lán eru tekin á árinu 2014.

Ný lán hafa ekki verið tekin hjá sveitarfélaginu til margra ára. Þannig hafa skuldir sveitarfélagsins lækkað úr liðlega 200 % af heildartekjum í 101 % árið 2012. Í fjárhagsáætlun yfirstandandi árs var áætlað að þetta hlutfall yrði 92,6 % og í nýrri áætlun fyrir árið 2014 er ráðgert að þetta hlutfall verði komið í 70,6 %. Breyting þessi verður að teljast afrek. Ekki síst fyrir þær sakir að sveitarstjórnarlög gera ráð fyrir að þetta hlutfall megi ekki vera hærra en 150 % af tekjum. Í nýjum sveitarstjórnarlögunum er gefinn 10 ára aðlögunartími fyrir sveitarfélögin að ná því að fara niður í eða niður fyrir þetta mark.

Árangur af þessu tagi gefur sveitarfélaginu verulegt andrými inn í framtíðina til þess að sinna skyldum sínum vel og sjá til þess byggja upp og viðhalda mannvirkjum sveitarfélagsins með ásættanlegum hætti án þess að taka lán. Stefna sú sem sett er fram í áætluninni mun til lengri tíma litið skila betri og meiri þjónustu til íbúanna en áður hefur verið unnt að veita. Gleðilegt er að geta nýtt fjármuni sem áður fóru í fjármagnskostnað til þess að byggja upp betri þjónustu við íbúa og fyrirtæki í sveitarfélaginu.

Vopnafirði 24. okt. 2014

Þorsteinn Steinsson

Sveitarstjóri

Vopnafirði



SVEITARSTJÓRINN
VOPNAFIRÐI